

Plasti í poka í eitt ár


Vindblásarinn Kári fór að blása plasti í pokum frá öðrum úrgangi í mars 2018 og hafa safnast um 225 tonn í gegnum þennan farveg síðan þá. Það eru um 3,73 kg á íbúa í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu, en það eru Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Janúar 2019 var algjör metmánuður en þá söfnuðust 47 tonn, sem er það mesta sem hefur safnast í einum mánuði frá því að Kári hóf að blása plasti frá öðrum úrgangi. Eiga jólin og aukin neysla í kringum þau vafalaust sinn þátt í auknu magni í janúar en íbúar virðast einnig flokka sitt plast í meira mæli en áður.



Mynd 1. Þróun söfnunar á plasti í pokum frá því vindflokkarinn Kári var tekinn í notkun í mars 2018. Söfnun í janúar og febrúar 2018 var vegna tilraunaverkefnis á Seltjarnarnesi sem var undanfari vindflokkarans.

Óflokkað plast dregst saman í sorptunnunni

SORPA gerir árlegar rannsóknir á heimilisúrgangi til að meta hlutfall mismunandi úrgangstegunda í sorptunnum íbúa. Þegar sú rannsókn er skoðuð þrjú ár aftur í tímann hjá þeim sveitarfélögum sem nýta Kára vindflokkara, sést að hlutfall plast hefur dregist saman, sem er í takti við það sem við mætti búast. Á það reyndar einnig við í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en flokkun á plasti hefur almennt aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Á mynd 2 má sjá þróunina á magni plast í heimilisúrgangi.



Mynd 2. Hlutfall plastis í heimilisúrgangi íbúa í Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi 2016-2018.

Óflokkað plast fer minnkandi milli ára en er þó enn tæp 17% alls heimilisúrgangs. Þannig má áætla að um 1600 tonn af plasti fari til urðunar frá íbúum í sveitarfélögunum fjórum. Það er því ljóst að hægt er að gera töluvert betur og íbúar hvattir til að nýta einhverja af flokkunarmöguleikum plastis, s.s. grenndargáma, plastgáma á endurvinnslustöðvum eða setja plastið í vel lokuðum pokum í sorptunnuna.

Áskoranir í plastflokkingu og endurvinnslu

Eðli málsins samkvæmt er ekki allt efni sem safnast í gegnum Kára plast. Vindflokkarinn gerir t.d. ekki greinarmun á plasti og öðrum léttum efnum sem eru laus í tunnunni, t.d. textíl og pappírsefnum. Því er mikilvægt að íbúar flokki textíl og pappírsefni í þar til gerða endurvinnslufarvegi. Að auki er það bæði hagkvæmara fyrir samfélagið og betra út frá umhverfissjónarmiðum að nýta textíl og pappírsefni fremur en að urða.

Bestur árangur næst þegar:

- Plastið er flokkað í plastpoka á stærð við innkaupapoka (eða minni poka).
- Pokar eru ekki vera úr öðru efni en plasti, s.s. sterkju eða maís.
- Pokum er vandlega lokað.
- Textíll er flokkaður í grenndargáma og pappír og pappi í blátunnu.

Orkan í plastinu nýtt til framleiðslu varma og rafmagns

Plastið sem safnast er sent til Stena Recycling í Svíþjóð sem er helsti samstarfsaðili SORPU um endurvinnslu á plasti og pappír. Að undanfögnu hefur markaður fyrir plast þrengst verulega en Kínverjar, sem voru stærsti móttökuaðili fyrir plast í heiminum, lokuðu fyrir móttöku á plasti frá öðrum löndum í byrjun ársins 2018. Þetta hefur haft mikil áhrif á Evrópumarkað þar sem offramboð er á plasti í augnablikinu. Stena Recycling og tveir helstu samstarfaðilar þeirra í Svíþjóð og Þýskalandi, sem hafa endurunnið plast frá SORPU, vinna nú að því að auka getu sína til að taka á móti meira magni af plasti en áður. Á meðan á þeim breytingum stendur nýtist megnið af plastinu frá SORPU hins vegar eingöngu í orkuendurheimt – þ.e. rafmagns- og varmaframleiðslu. Það er þó klárlega betri kostur en urðun út frá umhverfissjónarmiðum og mikilvægt að halda áfram að flokka plastið þrátt fyrir þetta millibilsástand á mörkuðum. Offramboð af plasti á endurvinnslumörkuðum er þó ein vísbending af mörgum um að breytinga sé þörf á notkun plastis og annarra einnota umbúða og

varnings. Það er ekki nóg að flokka heldur tímabært að endurhugsa nýtingu okkar á auðlindum náttúrunnar almennt, en það er líklega efni í aðra grein.



Mynd 3. Kári vindflokari.